

12. mars 2007

## Minnisblað um útreikning á fastskattavísitölu og áhrif af lækkun virðisaukaskatts 1. mars 2007

Hagstofan birtir frá 1. mars 2007 nýja vísitölu með grunn í febrúar 2007 sem sýnir verðbreytingar vísitölu neysluverðs miðað við að óbeinum sköttum, sem leggjast á endanlegt vöruverð, sé haldið föstum. Vísitalan sýnir þannig breytingar á verðlagi einstakra liða heimilisútgjalda þegar bóuð er að undanskilja bein áhrif af lækkun virðisaukaskatts 1. mars. Við útreikninginn er beitt sömu aðferðum og Hagstofa Evrópusambandsins notar við gerð samsvarandi vísitölu fyrir evrusvæðið. Nánar verður gerð grein aðferðafræðinni sem liggur að baki þessarar vísitölu í Hagtíðindahefti um vísitölu neysluverðs sem kemur út 2. maí 2007.

Niðurstaða þessa útreiknings kemur fram í töflu á bls. 2 en vísitalan gefur bæði vísbendingu um undirliggjandi verðbólgu og að hve miklu leyti lækkun virðisaukaskatts kemur fram í verðlagi í marsbyrjun. Til frekari útskýringar má til dæmis nefna, að sýni taflan hækkun á vísitölu fyrir mat og drykkjarvöru frá febrúar til mars þýðir það að lækkun virðisaukaskattsins hefur ekki skilað sér eða að markaðsverð hefur hækkað á þessum vörum.

Í áætlun Hagstofunnar í janúar var gert ráð fyrir að verð á mat og drykkjarvörum myndi lækka um 7,5% (vísitöluáhrif 1,02%) vegna lækkunar á virðisaukaskatti. Lækkunin milli febrúar og mars reyndist 7,4% (1,01%) og má því segja að lækkunin hafi nánast öll skilað sér. Á það ber þó að líta að verð á matvælum sveiflast jafnan nokkuð milli mánaða, tilboð eru á vörum og önnur ganga til baka. Þá á enn eftir að sjá áhrif af afnámi vörugjalds og tollalækkunum.

Í áætlun Hagstofunnar í janúar var gert ráð fyrir að veitingar myndu lækka um 8,8% í verði (0,42%). Vísitalan að meðtöldum áhrifum skattalækkunarinnar reyndist hafa lækkað um 3,2% en miðað við fastan virðisaukaskatt kemur hins vegar fram 6,3% hækkun (0,3%). Í því felst að lækkun virðisaukaskatts af veitingum hefur skilað sér að litlu leyti enn sem komið er eða að hún hefur verið vegin upp af markaðsverðshækkunum.

Hagstofan hefur einnig tekið saman yfirlit um þá undirflokkka vísitölnnar sem virðisaukaskattslækkunin hafði áhrif á. Áætluð áhrif lækkunarinnar eru borin saman við þá lækkun sem varð í raun og veru í vísitölu neysluverðs frá febrúar til mars.

### Samanburður á áætlaðri verðbreytingu miðað við að lækkun virðisaukaskatts skili sér til fulls og raunverulegri breytingu vísitölu neysluverðs milli febrúar og mars

	Áætluð breyting %	Áhrif á vísitölu %	Mæld breyting %	Áhrif á vísitölu %
Matur og drykkjarvörur	-7,5	-1,02	-7,4	-1,01
Rafmagn og hiti	-2,8	-0,06	-1,1	-0,02
Lyf og fleira (lýsi, vítamín, bætiefni)	-1,6	-0,02	-1,0	-0,01
Veggjöld	-6,1	-0,01	-7,5	-0,01
Hljómplötur, diskar og myndbönd (hluti)	-4,7	-0,02	-4,2	-0,01
Afnotagjöld útvarps og sjónvarps	-6,1	-0,08	-6,0	-0,08
Bækur	-6,1	-0,06	-4,0	-0,04
Fréttablöð og tímarit	-6,1	-0,04	-5,4	-0,03
Veitingar *)	-8,8	-0,42	-3,2	-0,15
Gisting **)	-5,6	-0,02	-3,0	-0,01
Alls	..	-1,75	..	-1,38

\*) Matur og óáfengir drykkir áttu að jafnaði að lækka um 11,2% en virðisaukaskattur á áfengi lækkar ekki en það er inni í þessum flokki.

\*\*) Gistipjónusta hótela, gistihúsa, tjaldstæða o.fl. átti að lækka um 6,1% en undir þennan flokk heyrir einnig sumarhúsaleiga sem ekki ber virðisaukaskatt.

## Breytingar á fastskattavísitölu neysluverðs milli febrúar og mars

	Breyting %	Áhrif á vísitölu, %		Breyting %	Áhrif á vísitölu, %
<b>Vísitala neysluverðs</b>	<b>1,4</b>	<b>1,42</b>	<b>06 Heilsa</b>	<b>0,6</b>	<b>0,02</b>
<b>01 Matur og drykkjarvörur</b>	<b>0,1</b>	<b>0,01</b>	061 Lyf og lækningavörur	1,3	0,02
011 Matur	0,5	0,07	062 Heilbrigðisþjónusta	0,1	0,00
0111 Brauð og kornvörur	0,7	0,01	<b>07 Ferðir og flutningar</b>	<b>0,3</b>	<b>0,05</b>
0112 Kjöt	1,9	0,05	071 Kaup ökutækja	-0,8	-0,05
0113 Fiskur	-2,2	-0,01	0711 Bílar	-0,8	-0,05
0114 Mjólk, ostar og egg	-0,7	-0,02	072 Rekstur ökutækja	1,0	0,09
0115 Olíur og feitmeti	0,6	0,00	0721 Varahlutir	0,0	0,00
0116 Ávextir	0,0	0,00	0722 Bensín og olíur	1,4	0,09
0117 Grænmeti, kartöflur o.fl.	-0,6	-0,01	0723 Viðhald og viðgerðir	0,3	0,00
0118 Sykur, súkkulaði, sælgæti o.fl.	1,3	0,02	0724 Annað vegna ökutækja	-0,4	0,00
0119 Aðrar matvörur	1,7	0,01	073 Flutningar	1,1	0,02
012 Drykkjarvörur	-3,9	-0,06	0732 Flutningar á vegum	0,0	0,00
0121 Kaffi, te og kakó	-0,5	0,00	0733 Flutningar í lofti	1,7	0,02
0122 Gosdrykkir, safar og vatn	-4,8	-0,05	0734 Flutningar á sjó	0,0	0,00
<b>02 Áfengi og tóbak</b>	<b>-0,5</b>	<b>-0,02</b>	<b>08 Póstur og sími</b>	<b>-0,2</b>	<b>-0,01</b>
021 Áfengi	-1,0	-0,02	0811 Póstur	0,0	0,00
022 Tóbak	0,1	0,00	0813 Símaþjónusta	0,0	0,00
<b>03 Föt og skór</b>	<b>12,3</b>	<b>0,49</b>	<b>09 Tómstundir og menning</b>	<b>0,6</b>	<b>0,07</b>
031 Föt	12,4	0,43	091 Sjónvörp, myndbönd, tölvur o.fl.	0,5	0,01
032 Skór	11,6	0,06	092 Tómstundir, stærri tæki o.fl.	0,0	0,00
<b>04 Húsnæði, hiti og rafmagn</b>	<b>1,3</b>	<b>0,36</b>	093 Tómstundavörur, leikföng o.fl.	0,9	0,01
041 Greidd húsaleiga	2,3	0,05	094 Íþróttir, fjölmiðlun og happdrætti	0,4	0,02
042 Reiknuð húsaleiga	1,3	0,23	095 Blöð, bækur og ritföng	1,7	0,03
043 Viðhald og viðgerðir á húsnæði	1,0	0,04	096 Pakkaferðir	0,0	0,00
044 Annað vegna húsnæðis	0,0	0,00	<b>10 Menntun</b>	<b>0,0</b>	<b>0,00</b>
045 Rafmagn og hiti	1,8	0,04	<b>11 Hótel og veitingastaðir</b>	<b>5,9</b>	<b>0,30</b>
0451 Rafmagn	3,1	0,04	111 Veitingar	6,3	0,30
0455 Hiti	0,0	0,00	112 Gisting	0,1	0,00
<b>05 Húsgögn, heimilisbúnaður o.fl.</b>	<b>1,3</b>	<b>0,07</b>	<b>12 Aðrar vörur og þjónusta</b>	<b>1,1</b>	<b>0,07</b>
051 Húsgögn og heimilisbúnaður	1,3	0,07	121 Snyrting og snyrtivörur	1,6	0,04
052 Vefnaðarvörur	5,2	0,02	122 Skartgripir úr o.fl.	0,1	0,00
053 Raftæki	1,2	0,01	123 Félagsleg þjónusta	0,0	0,00
054 Borðbúnaður, glös, eldhúsahöld	2,5	0,01	124 Tryggingar	0,8	0,00
055 Verkfæri og tæki fyrir hús og garð	1,9	0,01	125 Fjármálaþjónusta ó.t.a.	0,8	0,01
056 Ýmsar vörur og þjónusta	0,4	0,00	126 Önnur þjónusta ó.t.a.	2,0	0,01